

RE: Umsögn til orkustefnunefnadar  
**Sighvatur Lárusson**  
til:helga.bardadottir  
22.02.2011 14:53

Komdu sæl Helga,

Mig langar að bæta aðeins við það sem ég sendi inn sem umsögn varðandi heildstæða orkustefnu á Íslandi.

Ég hef hugsað mjög mikið um þessi mál og finn mig því knúinn til að skjóta þessum línunum á þig þar sem þú ert sérfræðingur stýrihópsins og tengiliður.

Ráðherra setti saman stýrihóp til að finna heildstæða orkustefnu fyrir Ísland á haustmánuðum 2009. Þessi hópur getur ekki frekar en sambærilegir hópar vitað allt, en reiðir sig á álit sérfræðinga og annarra sem þeir leita til. Hinsvegar þarf svona hópur engu að síður að mynda sér sjálfstæða skoðun á málinu og bera ábyrgð á stefnunni sem ég vænti að hópurinn geri.

Hópurinn lagði fram eftir rúmlega árs rannsóknarvinnu og umhugsun og aðstoð sérfræðing á mögum sviðum drög að orkustefnu til umsagnar.

Þar sem þetta er okkar hjartans mál þá skiptir þetta okkur mjög miklu máli. Við erum hópur einstaklingar sem lagt hafa allt undir í nokkur á við að koma raforku að í samgöngum og erum því eins og réttilega kemur fram í umsögum okkar pínulítið hissa og vonsvikin yfir þeim niðurstöðum sem fram koma í þeim gögnum sem voru til umsagnar. Við teljum þessar niðurstöður einfaldlega rangar eins og fram kemur.

Ég ætla ekki að vera langorður en aðeins til að setja vinnubrögð þessa ágæta stýrihóps í samhengi þá gætum við séð sambærilegan hóp vinna fyrir okkur við gerð **Heildstæðrar fjarskiptastefnu fyrir Ísland**.

Ef við hugsum okkur að sá stýrihópur hefði átt að taka ákvörðun fyrir okkur og leggja fram tillögur (febrúar 2011) um fjarskipti og væri GSM tækni sem hluta af heildarstefnunni líkt og bílar eru hluti af orkustefnunni.

### **Fjarskiptastefna Íslands**

Við getum öll verið sammála að ekki hefði verið eðlilegt/skynsamlegt ef ímyndaður stýrihópur um heildstæða fjarskiptastefnu fyrir Ísland hefði einungis skoða hvað hefði verið til á markaðnum 2006 og þar á undan og metið út frá því þörfina og getu tækninnar líkt og þeir gerðu varðandi bíla í fyrrnefndum tillögum um orkustefnu.

Ef einungis hefði verið miðað út frá 2006 hefði vinna stýrihópsins skilað okkur **RANGRI NIÐURSTÖÐU**.

### **Gott dæmi um þetta er:**

- Þá hefði t.d. i-Phone frá Apple ekki verið á tekin með enda kom sá sími fyrst á sjónarsviðið 2007 - Sá sími og tæknin frá Apple er það sem stýrir þróun á GSM markaðnum í dag.
- Einnig kom Androit stýrikerfið frá Google fram og var opnað á notkun fyrir alla GSM framleiðendur árið 2007 – 80 stærstu GSM framleiðendur eru að vinna á þessu platformi í dag.

### **Niðurstaða**

Eftir 2006 kom Apple og hefur í dag um 16% markaðshlutdeild og fyrirtækið stýrir þróun á GSM markaðnum.

Eftir 2006 kom Andriod tæknin sem er einnig að umbylta öllum öðrum framleiðendum GSM síma.

Til samanburðar:

### **Orkustefna Íslands**

Á sama máta þá er rafbíllinn að stýra því hvernig bílaiðnaðurinn er að þróast og enginn önnur tækni hefur meiri áhrif þar.

Allar aðrar lausnir en rafbíllinn byggja á gas eða vökvabrennslu sem er „gömul“ tækni og sáralítill þróun annað en betrubæta það sem fyrir er.

- Tesla Motors kom með rafmagns sportbíl á markaðinn 2006 og í raun sparkaði af stað svakalegri þróun sem sér ekki fyrir endann á.
- Tesla er leiðandi aðili á markaðnum þó þeir hafi einungis framleitt 1500 bíla ! ! – það er tæknin sem skiptir öllu máli og bílar frá þeim og tugum annarra koma í fjöldaframleiðslu á þessu og næsta ári – aðrir fylgja tækninni.
- Nissan Leaf er fyrsti rafbíllinn af fjölmörgum sem nú eru að komin á markað og er afrakstur ákvörðunar sem Nissan-Renault tók í framhaldi af kynningu Tesla á sportbílnum.
- Tesla útvegar Toyota tækni – Toyota er stærsti bílaframleiðandi í heimi en leitar samt til Tesla um tækni eins og Mercedes.
- GM annar stærsti bílaframleiðandi heims kynnti nýja tækni sem umbyltir bílaheiminum – þessi tækni mun verða í tugum módeli á næstu árum frá GM og fjöldi annarra eru að koma með tækni byggða á sama prinsippi.

### **Niðurstaða**

Eftir 2006 kom Tesla Motors og umbylti bílamarkaðnum og rafbíllinn er sú tækni sem flestir eru sammála um að muni verða ofaná.

Eftir 2006 kom GM með nýju Volt tæknina sem einnig umbyltir Hybrýd tækninni – rafbíll með ljósavél.

Þetta fór víst framhjá stýrihópnum : - )

Það leiddi til þess að stýrihópurinn komst að **RANGRI NIÐURSTÖÐU**.

=====  
=====

Ég gæti haldið áfram en læt þetta duga!

Gat ekki annað en komið þessu á framfæri.

Heyri frá þér.

**Kveðja / Best regards,**


Sighvatur Lárusson

cid:image002.jpg@01CBD2A0.295A  
FBE0" alt="NLE 3D.jpg">

Framkvæmdastjóri EVEN hf.  
Laekjargötu 4, 101  
Reykjavík Iceland  
Tel: +354-490 9000 Mobile:  
+354-864-4615  
<http://www.nle.is/>>  
[www.nle.is](http://www.nle.is/)

cid:image004.jpg@01CBD2A0.295A  
FBE0" alt="EVEN logo.jpg">

cid:image006.jpg@01CBD2A0.295AFBE0" alt="[http://www.transnova.no/wp-content/themes/transnova/images/nyhetsbrev\\_skygge.png](http://www.transnova.no/wp-content/themes/transnova/images/nyhetsbrev_skygge.png)">

 Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst

**From:** helga.bardadottir@idn.stjr.is [<mailto:helga.bardadottir@idn.stjr.is>]

**Sent:** 21. febrúar 2011 09:15

**To:** sighvatur

**Subject:** Re: Umsögn til orkustefnunefnadar

Takk umsögnin er móttekin

Kveðja Helga Barðadóttir

---

**From:** sighvatur

**Sent:** 20.02.2011 23:28 GMT

**To:** Helga Barðadóttir

**Subject:** Umsögn til orkustefnunefnadar

Nafn: Sighvatur Lárusson

Netfang: sighvatur@nle.is

Fyrirspurn:

Meðfylgjandi er umsögn um heildstæða orkustefnu í pdf. skjali.